

sem utan standa, frjálst að taka á sig skyldur, sem væru þeir innan samtakanna, ef þeir kjósa svo. Þannig verður atvinnurekanda, sem er utan samtaða og kýs að greiða eigi gjöld þessi, ekki gert að gera það, þegar og er á það litið, að starfsfólk hans er eigi í stéttarfélagi því, sem greiðslurnar eiga að renna til. Af þessari ástæðu ber að taka sýknukröfu stefnda til greina. Samkvæmt þessari niðurstöðu verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 3.000.00.

Dómari máls þessa var Garðar Gíslason.

Dómsorð:

Stefndi, Smáarakaffi h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Félags starfsfólks í veitingahúsum, í máli þessu. Stefndi greiði stefnda kr. 3.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. júní 1971.

Nr. 49/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Gísla Ásmundssyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.
Ítrekun. Sakarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn kvað upp Sigmundur Böðvarsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið háð framhaldsrannsókn í máli þessu. Kom þá fyrir sakadóm vitnið Pétur Stefánsson, fyrrverandi lögregluvarðstjóri. Staðfesti það skýrslur sínar um handtöku ákærða og yfirheyrslu á honum, en efni skýrslunnar er rakið í héraðsdómi. Kveður vitnið,

sem vann eið að framburði sínum, að liðið hafi um ein klukkustund og tuttugu mínútur, frá því að tilkynnt var um óheimila töku bifreiðarinnar V 104 og þar til blóðsýnis-horn var tekið úr ákærða.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, m. a. fæðingarvottorð ákærða, og ber það með sér, að ákærði er fæddur 15. september 1950.

Hinn 13. febrúar 1969 var gerð dómssátt við ákærða, þar sem hann samþykkti að greiða kr. 2.500.00 sekt fyrir ölvunar-akstur og verða sviptur ökuleyfi 5 mánuði, en þetta brot framdi ákærði 24. nóvember 1968. Hefur brot þetta ítrekun-aráhrif á ölvunarakstursbrot ákærða, sem um er fjallað í máli þessu, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um refsingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar, en svipta ber ákærða ökuleyfi ævilangt.

Ákærða ber að dæma til að greiða málsvarnarlaun skipaðs venjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00. Annar áfrýjun-arkostnaður sakarinnar greiðist úr rikissjóði, enda er af hálfu ákæruvalds ekki höfð uppi krafa á hendur ákærða um frekari greiðslu áfrýjunarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði, Gísli Ásmundsson, er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs venjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00, en annar áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr rikissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 6. janúar 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins hinn 13. nóvember 1970, á hendur Gísla Ásmundssyni verkamanni,

Urðavegi 33, Vestmannaeyjum, fyrir að taka heimildarlaust laugardaginn 2. maí 1970 bifreiðina V 104 við hraðfrystihús Sigurðar Þórðarsonar og aka henni undir áhrifum áfengis inn á Hlíðarveg, en á móts við sambýlishúsið Hásteinsveg 60—64 stöðvaði ákærði og hvarf á braut, en lögreglan handtók hann skömmu síðar.

Í ákæruskjali er þetta talið varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Gísli Ásmundsson, er fæddur 15. september 1950 í Vestmannaeyjum og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1967 í Vestmannaeyjum: Uppvís að broti gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 5. október 1967.
- 1967 26/10 í Vestmannaeyjum: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.
- 1968 30/12 í Vestmannaeyjum: Kærður fyrir skemmdarverk í sundlaug. Málið fellt niður 24. júní 1969, enda greiði kærði kr. 2.417.00 í skaðabætur.
- 1969 19/1 í Vestmannaeyjum: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1969 13/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, 2.500 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 5 mánuði frá 13. febrúar 1969.
- 1969 16/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1969 3/6 í Vestmannaeyjum: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1969 3/6 í Vestmannaeyjum: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1969 24/6 í Vestmannaeyjum: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.
- 1970 5/7 í Vestmannaeyjum: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1970 24/7 í Vestmannaeyjum: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1970 5/8 í Vestmannaeyjum: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1970 13/9 í Vestmannaeyjum: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 2. maí 1970, kl. 1725, barst lögreglunni í Vestmannaeyjum tilkynning um, að tveir ölvaðir menn hefðu þá rétt áður farið inn í vörubífreiðina V 104, sem staðsett var við hraðfrystihús Sigurðar Þórðarsonar, og ekið henni suður Hlíðarveg. Lögreglumenn fóru á vettvang og fundu bífreiðina V 104 nokkru fyrir norðan sambýlishúsið Hásteinsveg 60—64, og tjáði Svanhildur Sigurðardóttir, Hásteinsvegi 62, sem stödd var hjá bífreiðinni, er lögreglumenn komu þar að, að ákærði og Þorvaldur Kristleifsson, Illugagötu 14, Vestmannaeyjum, hefðu verið í bífreiðinni og hefði ákærði setið undir stýri bífreiðarinnar og ekið henni.

Lögreglumennirnir sáu tvo menn hlaupa til austurs sunnan við Lifrarsamlag Vestmannaeyja, og veittu þeir mönnum þessum eftirför. Reyndist hér vera um framangreinda tvo menn að ræða, en nefndur Þorvaldur komst undan, en ákærði var færður í lögreglustöðina, þar sem læknir tók blóðsýnishorn úr ákærða kl. 1845 umræddan dag.

Fyrir lögregluvarðstjóra hinn 3. maí 1970 og fyrir sakadómi Vestmannaeyja sama dag viðurkenndi ákærði að hafa einn ekið bífreiðinni V 104 í umrætt sinn, og fyrir sama dómi hinn 11. júní 1970 kvaðst ákærði hafa ekið nefndri bífreid frá fiskverkunarhúsi Sigurðar Þórðarsonar (Eyjabergi) til vesturs inn á Hlíðarveg og síðan upp (norður) þá götu um 400 metra vegalengd, þar til hann stöðvaði bífreiðina á móts við sambýlishúsið Hásteinsveg 60—64, og slökkti hann þar á vél bífreiðarinnar. Kvaðst ákærði þá hafa reynt að fela sig hjá lýsistanki skammt frá Eyjabergi, en lögreglumenn hafi fundið hann, um 5—10 mínútum eftir að hann yfirgaf bífreiðina. Ákærði kvað bífreiðina hafa verið ólæsta, er hann tók hana í umrætt sinn, og hafi bæði hann og nefndur Þorvaldur verið undir áhrifum áfengis í umrætt sinn.

Blóðsýnishorn það, er tekið var úr ákærða í umrætt sinn, var sent til alkóhólákvörðunar, og fundust í því serucerandi efni, er samsvara 1.90‰ af alkóhóli.

Samkvæmt framansögðu þykir mega telja sannað, m. a. með játningu ákærða sjálfs, að hann hafi ekið bífreiðinni V 104, sem hann tók í heimildarleysi, hinn 2. maí 1970 um Hlíðarveg í Vest-

mannaeyjum og hafi ákærði verið undir áhrifum áfengis við akstur nefndrar bifreiðar í umrætt sinn, og hefur ákærði með því gerzt sekur um brot á öllum þeim lagaákvæðum, er í ákæru greinir og þar eru rétt tilgreind, og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 40 daga.

Þá er ákærði sviptur ökuréttindum í 12 mánuði frá 11. júní 1970 að telja, en þá var ákærði sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, og er sú bráðabirgðaökuleyfissvipting jafnframt felld úr gildi.

Þá þykir rétt, að ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmans, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Gísli Ásmundsson, sæti varðhaldi í 40 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 12 mánuði frá 11. júní 1970 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmans, kr. 4.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. júní 1971.

Nr. 78/1971. **Böðvar Páll Ásgeirsson**

(Ingi R. Helgason hrl.)

gegn

Borgarstjóranum í Reykjavík f. h.

borgarstjórnar

(Jón G. Tómasson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Um kosningarrétt.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júní 1971. Krefst hann þess, að nafn hans verði